PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288


Fasteignasala
Í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalögfræðingur
S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is

17. tbl. 38. árg. 6. maí 2026

Jafnaðarmannafélag Fjallabyggðar og óháðir

**Kristrún Frostadóttir , forsætisráðherra og Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra koma til Fjallabyggðar, miðvikudaginn 6. maí og opna kosningaskrifstofu Jafnaðarmanna og óháðra í sal Einingar Iðju, Eyrargötu 24b, á Siglufirði kl. 20:00 og bjóða til opins fundar!**



## Öll velkomin!

Við fáum svör meðal annars við þessum spurningum:

- Hvernig gengur að afgreiða Samgönguáætlun á Alþingi?
- Verður staðið við að byrja á Fljótagöngum? og þá hvenær?
  Hvað með ný Ólafsfjarðargöng?
  Hver er staðan á stofnun innviðafélags?
  Mun Fjallabyggð fá fleiri ríkisstörf til sveitarfélagsins í gegnum möguleikan á vinnu án staðsetningar?

**X-S**

Opnunartími kosningaskrifstofu er alla daga til kjördags frá kl. 16-18 í sal Einingar Iðju, Eyrargötu 24b, Siglufirði

**Notaðu símann þinn til þess að kynna þér stefnumál S-listans**

**SETTU X VIÐ S 16. MAÍ**

# Opinn íbúafundur í Tjarnarborg
## með fulltrúum framboða til sveitarstjórnar í Fjallabyggð

**Fjallbyggð býður íbúum til opins íbúafundar í tilefni komandi sveitarstjórnarkosninga, mánudaginn 11. maí kl. 19:30 í Tjarnarborg.**

**Fyrirkomulag fundar:**

- Framsaga framboða: 6 mínútna framsaga hvers framboðs.
- Pallborð: Þrír fulltrúar frá hverju framboði sitja í pallborði og svara spurningum úr sal.
- Lokaorð: 3 mínútna lokaorð.

Fundarstjóri, Ingvar Erlingsson

Íbúar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn og eiga samtalið við frambjóðendur.

Léttar kaffiveitingar.

# Kynning á skipulagstillögu á vinnslustigi

## Breyting á deiliskipulagi Leirutanga á Siglufirði og breyting á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020–2032

Fimmtudaginn 7. maí kl. 17:00 verða kynntar tillögur að skipulagsbreytingum á Leirutanga í sal á 2. hæð í ráðhúsi Fjallabyggðar á Siglufirði. Þar mun skipulagsráðgjafi kynna tillögurnar og sitja fyrir svörum varðandi skipulagstillögurnar og veita upplýsingar þeim sem þess óska.

Að kynningu lokinni og eftir umfjöllun skipulags- og umhverfisnefndar verða tillögurnar auglýstar með að minnsta kosti sex vikna athugasemdafresti, þar sem allir hafa tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum.



## Þau sem skipa efstu þrjú sætin á lista Jafnaðarfólks og óháðra eiga það sameiginlegt að hafa kosið að flytja í Fjallabyggð

**Jóhann K. Jóhannsson - 1. sæti:** „Við fjölskyldan höfum rætt það eftir að við fluttum í Fjallabyggð að þetta sé besta ákvörðun sem við höfum tekið. Eftir að hafa flutt norður finnur maður hversu gott er að búa í sveitarfélaginu. Við náum að njóta betur og hugsa um fólkið okkar. Fólkið og samfélagið er frábært og ekki skemmir fyrir hversu stutt er í að njóta stórbrotinnar náttúru.“
**Pálmi Blængsson - 2. sæti:** „Þegar ég flutti til Ólafsfjarðar heillaðist ég fyrst af fólkinu...(auðvitað fyrst af konunni minni sem ég elti hingað). En mér finnst bæjarbragurinn ótrúlega heillandi, fólkið vinalegt og allir tilbúnir að bjóða mig velkominn í bæinn. Svo var það náttúran, fjöllin og umhverfið!
**Sæunn Gísladóttir - 3. sæti:** „Ég bý í Fjallabyggð vegna þess að það er fjölskylduvænt samfélag þar sem auðvelt er að sinna óstaðbundnu starfi. Nálægðin við náttúruna leyfir mér að næra líkama og sál hvort sem það er á fjallgöngu, gönguskíðum eða í sjósundi. Menning er hér altumlykjandi og hefur veitt mér innblástur í skrifum.“

x-S



Jafnaðarmenn og óháðir í Fjallabyggð

# Barsvar með Sæunni og Kristínu

**Fimmtudaginn 7. maí**
**Húsið opnar kl. 20:00 - Barsvar hefst kl. 20:30**
Brugghús Segull67 - Vetrarbraut 8-10, Siglufirði

Spennandi vinningar, fyrstu bjórar verða í boði S-listans og DJ Egill þeytir skífum



Jafnaðarmannafélag Fjallabyggðar
og óháðir

# MEGINSTEF S-LISTANS

**S-listi Jafnaðarmannafélags Fjallabyggðar og óháðra leggur meginaherslu á að:**

- Fjallabyggð verði öruggt, fjölskylduvænt og lifandi samfélag þar sem fjölbreytileikanum er fagnað.
- Atvinnulíf verði fjölbreytt og heilbrigt, þar sem bæði hefðbundnar atvinnugreinar og óstaðbundin störf fá að þrífast.
- Sveitarfélagið verði áfram rekið af ábyrgð og framsýni, með gagnsæi, góða fjármálastjórn og raunhæf markmið að leiðarljósi.
- Gjaldtaka á íbúa og fyrirtæki verði sanngjörn og hvetjandi til búsetu, uppbyggingar og atvinnurekstrar í Fjallabyggð.
- Sveitarfélagið beiti sér áfram af fullum krafti fyrir bættum samgöngum. Fljótagöng án tafar og í beinu framhaldi af þeim verði ráðist í ný Ólafsfjarðargöng.
- Þjónusta við börn, ungmenni, eldra fólk og fatlaða einstaklinga verði til fyrirmyndar og komi til móts við þarfir íbúa.
- Jafnræði í þjónustu sveitarfélagsins verði tryggt á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í gegnum nýja þjónustustefnu sveitarfélagsins.
- Bæjarmyndin og innviðir beggja byggðakjarna séu snyrtileg, vel viðhaldin og til sóma — göturnar okkar, garðarnir okkar og opin svæði.
- Rödd íbúa heyrist og áhrif þeirra á nærumhverfi sitt séu raunveruleg og virk.



x-S

# Fjallabyggð auglýsir eftir verkefnastjóra við skipulags – og framkvæmdasvið

Undir sviðið falla meðal annars eignaumsjón, lóða- og skipulagsmál, umhverfismál, Þjónustumiðstöð, veitur og hafnir, sorphirða og úrgangsmál.

Helstu verkefni verkefnastjóra:

- Skipulagning umhverfismála og viðhalds opinna svæða.
- Skipulagning og eftirfylgni með sorphirðu og úrgangsmálum.
- Samskipti við verktaka.
- Vinnuskóli Fjallabyggðar.
- Umsjón með minniháttar viðhaldi eigna Fjallabyggðar í samráði við stofnanir.
- Vinna við gerð framkvæmda – og kostnaðaráætlanir í samráði við sviðsstjóra.
- Dýrahald og eftirlit.

Þekkingar- og hæfnikröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Reynsla af verkefnum sem falla að starfinu.
- Reynsla af verkefnamiðuðum vinnubrögðum er skilyrði.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með **20. maí nk.**

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um, óháð kyni og uppruna.
Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi umsækjenda.

Umsóknum skal skilað á netfang bæjarstjóra, **thorirh@fjallabyggd.is** í síðasta lagi mánudaginn 20. maí.

**Nánari upplýsingar veita:**

Þórir Hákonarson bæjarstjóri

Gísli D. Sævarsson sviðsstjóri - **gisli.david.saevarsson@fjallabyggd.is**





Píla - Boltinn - Viðburðir

Segull 67

ÖL - VÍN - KAFFI - TE - OG FLEIRA

Miðvikudagar - take away frá 13-17

OPIÐ

Fim : 16 - 23
Fös : 16 - 23
Lau : 14 - 23
Sun : 14 - 19

Bókhaldsþjónustan H7 ehf. - Siglufirði - S. 888-8845

H7 ehf. Bókhaldsþjónusta

Öll almenn -bókhaldsþjónusta og skattskil.

Get bætt við verkefnum - helga@h7bokhald.is

Helga Jónsdóttir.


**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

Sveitarstjórnarkosningar 2026

# Við erum Jafnaðarmenn og óháðir í Fjallabyggð


Jóhann K. Jóhannsson


Pálmi Blængsson


Sæunn Gísladóttir


Guðjón M. Ólafsson


Kristín Margrét Halldórsdóttir


Áslaug Barðadóttir


Jaouad Hbib


Valdís Jörgensdóttir


Ásta Lovísa Pálsdóttir


Kristjana Rannveig Sveinsdóttir


Jón K. Ólafsson


Hólmar Hákon Óðinsson


Ægir Bergsson


Sæbjörg Ágústsdóttir

# X-S